

Menntun og mannækt

Njarðvíkurskóli



Sjálfsmatsskýrsla fyrir
skólaárið 2016-2017

1. Inngangur	3
2. Sjálfsmat	3
2.1 Tilgangur matsins	3
2.2 Rökstuðningur	4
2.3 Lesendur	4
3. Um skólann	4
3.1 Lýsing á skólanum.....	4
3.2 Stefna skólans	4
3.2.1 Menntun.....	4
3.2.2 Mannrækt.....	4
3.2.3 Markmið	5
3.2.4 Leiðir.....	5
3.3 Stjórnun.....	5
3.4 Nám og kennsla.	6
3.5 Námsmat	6
3.6 Agamál.....	7
3.7 Starfsfólk og starfsmannastjórnun.....	7
3.8 Foreldrasamstarf	8
3.9 Skólanámskrá.....	8
4. Viðmið við matið.....	8
5. Sjálfsmatsaðferðir	8
5.1 Matstæki	9
5.1.1 Nemendakannanir.....	9
5.1.3 Foreldrakannanir.....	10
6. Niðurstöður	11
6.1 Stefnumörkun og stjórnun	11
6.2 Upplýsingastreymi.....	12
6.3 Starfsandi og líðan starfsmanna	13
6.4 Nemendur – árangur og líðan	14
6.4.1 Niðurstöðum úr Skólapúlsinum 2016-2017	14
6.4.2 Samræmd próf	19
6.4.3 Lestrar- og stærðfræðiskimanir	21
6.4.4 Agamál og líðan nemenda	23
6.5 Kennsluaðferðir og mat	24
6.6 Samskipti við foreldra	25
7. Aðgerðaáætlun.....	27
7.1. Umbætur 2017-2018:.....	27

1. Inngangur

Í þessari skýrslu um sjálfsmat Njarðvíkurskóla er greint frá innra mati skólans og tekur sú skýrsla mið af niðurstöðum sem þegar liggja fyrir um innra starf og stefnu Njarðvíkurskóla skólaárið 2016-2017. Matið er unnið af stjórnendum skólans á grunni upplýsinga sem þegar hafa orðið til. Niðurstöður eru bornar saman við markmið skólans, stefnu Reykjaneshæjar í fræðslumálum og metnar eru sterkar og veikar hliðar á þeim þáttum skólastarfsins sem teknar voru til athugunar í matsspurningum sem settar voru fram í áætlun um sjálfsmat Njarðvíkurskóla. Umbóta- og aðgerðaáætlun er unnin á grunni sjálfsmatsskýrslu og gildir hún frá 2016-2019 en er þó endurskoðuð í lok hvers skólaárs með tilliti til niðurstaðna sjálfsmats.

2. Sjálfsmat

2.1 Tilgangur matsins

Undanfarin ár hefur verið unnið að því að byggja upp skipulegt, áreiðanlegt og umbótamiðað mat á helstu þáttum skólastarfsins. Unnið hefur verið að viðmiðum um mat sem fram koma í lögum um grunnskóla og Aðalnámskrá grunnskóla. Við úttekt Menntamálaráðuneytisins á sjálfsmatsaðferðum skólans 2008 uppfyllti Njarðvíkurskóli öll viðmið um aðferðir og framkvæmd. Yfirumsjón með mati á skólastarfi hafa stjórnendur skólans, skólastjóri, aðstoðarskólastjóri og deildastjórar. Umbótaáætlanir eru byggðar á greiningu á starfsmannasamtölum, niðurstöðum svara við spurningalistum sem lagðir eru fyrir starfsfólk, nemendur og foreldra. Einnig eru áætlanir byggðar á niðurstöðum skimunar- og könnunarprófa.

Tilgangur matsins er fyrst og fremst sá að skoða alla þætti skólastarfsins með það að leiðarljósi að bæta það sem betur má fara, efla það sem vel gengur og framfylgja þannig áætlun um sjálfsmat Njarðvíkurskóla. Í skólanámskrá Njarðvíkurskóla kemur fram að megintilgangur með sjálfsmati skólans er að auðvelda starfsfólki skólans að vinna að framgangi markmiða hans, meta hvort þeim hafi verið náð, endurskoða þau og stuðla að faglegum grundvelli fyrir umbótum. Matið þarf að vera altækt þar sem það nær til allra þátta skólastarfsins og vera árangursmiðað, þar sem upplýsingarnar munu verða nýttar sem grundvöllur að ákvarðanatöku um frekari þróun skólastarfs. Matið er jafnframt samstarfsmiðað, þar sem það er unnið af starfsmönnum skólans á grundvelli margvíslegra upplýsinga sem safnað hefur verið saman og það er stofnana- og einstaklingsmiðað þar sem litið er á skólann sem heild og einstaklinga sem þar starfa.

Tilgangur og markmið með sjálfsmati í skólastarfi er að:

- hjálpa skólanum að leita leiða til að bæta námsárangur nemenda
- efla þekkingu alls starfsfólks á stofnuninni sem heild
- styrkja meðvitund starfsmanna um markmið skólans
- auka samstarf og samheldni
- skapa frjóa umræðu og skoðanaskipti
- veita stuðning við erfiðar aðstæður
- bæta starfsaðstæður og stuðla að betri líðan þeirra sem í skólanum starfa
- kynna hagsmunaaðilum starfsemi skólans

2.2 Rökstuðningur

Í lögum um grunnskóla nr. 91/2008 er kveðið á um að sérhver grunnskóli skuli meta með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grunvelli 35. greinar með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra sem við á. Grunnskólinn skal birta opinberlega upplýsingar um innra mat sig, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur

Með sjálfsmatinu gerum við okkur betur grein fyrir stöðu skólans, hverjar eru sterkar og veikar hliðar hans. Sjálfsmatið er órjúfanlegur hluti af skólastarfinu og unnið því til framdráttar. Tilgangur þessarar skýrslu er í fyrsta lagi að taka saman það sem þegar hefur verið gert til að meta starfsemi skólans og bera það saman við þá aðgerðaráætlun sem unnið er eftir. Einnig hvernig verði best unnið að því að svara þeim spurningum um starf skólans sem settar eru fram í Áætlun um sjálfsmat Njarðvíkurskóla.

2.3 Lesendur

Skýrslan á að nýtast sem vinnuþagg fyrir starfsmenn skólans um mat á skólastarfinu. Þannig verður matið tæki til þess að gera aðgerðaráætlanir til þess að takast megi að vinna að áframhaldandi skólaþróun í Njarðvíkurskóla. Sjálfsmatsskýrsla þessi er skrifuð með það fyrir augum að hún skuli verða opinber. Hún er kynnt fyrir starfsfólki skólans, nemendum, foreldrum, fræðsluráði og bæjaryfirvöldum. Einnig er hún birt á heimasíðu og Facebook síðu skólans.

3. Um skólann

3.1 Lýsing á skólanum

Njarðvíkurskóli var stofnaður 1942 og var skólahúsnaðið tekið í notkun í febrúar 1943. Oft hefur verið byggt við upprunalegt húsnaðið, síðast árið 2000. Skólinn er vel búinn tækjum og aðstaða fyrir starfsfólk og nemendur er nokkuð góð. Njarðvíkurskóli er umhverfisvænn grunnskóli sem leggur áherslu á lestrarnám á öllum stigum skólans. Veturinn 2016-2017 voru 386 nemendur í 1.-10. bekk í skólanum. Skólinn hefur einnig undir sinni stjórn tvær sérdeildir sem þjóna öllum grunnskólum Reykjanesbæjar og eru deildirnar í tveimur húsum á lóð skólans. Önnur deildin, Ösp, er ætluð þroskahömluðum nemendum og hin deildin, Björk er ætluð nemendum sem vegna hegðunarerfiðleika í heimaskólum sínum eru tímabundið vistaðir í deildinni.

3.2 Stefna skólans

Einkunnarorð Njarðvíkurskóla eru menntun og mannrækt.

3.2.1 Menntun

Við kappkostum að uppfylla ákvæði Aðalnámskrár grunnskóla um almenna menntun sem eina meginstöð lýðræðis, undirstöðu menningar og almennrar velferðar. Í samvinnu við heimilin, viljum við búa nemendur undir líf og starf í lýðræðislegu þjóðfélagi, dýpka skilning þeirra á samfélaginu og hlutverki einstaklingsins í því.

3.2.2 Mannrækt

Við viljum finna og rækta hæfileika sérhvers nemanda svo hann nái að þroskast og mótask af gildum lýðræðislegs samstarfs sem einkennist af mannhelgi, réttlæti og félagsanda, virðir mismunandi einstaklinga og leyfir einkennum þeirra að njóta sín.

3.2.3 Markmið

Markmið okkar eru að öllum nemendum geti liðið vel í skólanum og góð samvinna takist milli heimila og skóla.

Markmið okkar eru ennfremur að nemendur:

- beri ábyrgð á eigin námi.
- verði sjálfstæðir í vinnubrögðum og geti valið sér verkefni eftir áhugasviði.
- geti nýtt sér tölvu- og upplýsingatækni í vinnu sinni.
- þjálfí félagsfærni sína í samvinnu við aðra nemendur og kennara.
- fái tækifæri til að takast á við fjölbreytt verkefni og vinna með margskonar efnivið í samvinnu við aðra nemendur og kennara.
- verði færir um að meta stöðu sína í námi.
- verði færir um að meta vinnu sína og samnemenda á gagnrýninn og jákvæðan hátt.
- læri að taka ábyrgð á orðum sínum og gerðum og temji sér sjálfsaga.
- læri að tjá sig um skoðanir sínar og líðan án þess að særa aðra eða að ganga á rétt annarra.
- beri virðingu fyrir umhverfi sínu.

3.2.4 Leiðir

Með því að:

- vinna með lykilhæfni með öllum nemendum,
- leggja rækt við það góða í manneskjunni,
- sýna umburðalyndi,
- bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum,
- leggja áherslu á jákvæðan aga,
- leggja áherslu á einstaklingsmiðað nám m.a. með samvinnu, þemavinnu, blöndun hópa og flæðis milli námsgreina,
- skipuleggja námið með mismunandi yfirferð námsefnis á misjöfnum tíma til að mæta hverjum nemenda þar sem hann er staddur,
- nemendur taki þátt í að setja sér raunhæf markmið í samvinnu við kennara og foreldra
- nemendur taki þátt í að meta vinnu sína og verk,
- vekja áhuga og virðingu nemenda fyrir umhverfinu sínu með öflugri umhverfismennt,
- efla kennslu í lífsleikni frá upphafi skólagöngu nemenda,
- þjálfa tjáningu og framsögn.

Stefna skólans tekur einnig mið af nýrri menntastefnu Reykjanesbæjar þar sem kemur m.a. fram að: „Börn og ungmenni í Reykjanesbæ hljóti góða almenna menntun og fái tækifæri til þess að vaxa og þroskast í öruggu og hvetjandi umhverfi“. Grunnsólar í Reykjanesbæ gegna því hlutverki að að veita nemendum tækifæri til að tileinka sér þekkingu, leikni og hæfni sem stuðlar að alhliða þroska þeirra og þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi. Allir grunnskólar bæjarins eiga að leggja áherslu á að skapa jákvæðan skólabrag og hvetjandi námsumhverfi. Stöðugt skal leggja áherslu á framþróun í skólastarfi sem miðar að því að auka árangur, vellíðan og heilbrigði nemenda. (úr nýrri Menntastefnu Reykjanesbæjar, 2016)

3.3 Stjórnun

Stjórn skólans skipa skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, deildarstjórar eldri og yngri deilda og verkefnisstjóri í 30% stöðu á móti kennslu. Við skólann starfar námsráðgjafi í 80% starfi. Ýmis teymi kennara eru starfandi í skólanum sem halda utan um mismunandi málaflokka svo sem lestrarteymi, umhverfisteymi, PBS teymi, eineltisteymi, jafnréttisteymi, áfallateymi, jóla- og árshátíðarnefnd o.fl. Starfsmannafundir eru einu sinni í mánuði, kennarafundir tvisvar sinnum í mánuði og deildarfundir einu sinni í mánuði. Nemendaverndarráð er skipað

stjórnendum skólans, sérkennurum skólans, námsráðgjafa, sálfræðingi, hjúkrunarfræðingi og kennsluráðgjafa frá Fræðsluskrifstofu RNB. Ráðið fundar tvisvar í mánuði og hefur það hlutverk að vinna að velferðamálum nemenda. Við skólann starfar skólaráð undir stjórn skólastjóra og fundar það reglulega. Einnig er starfandi foreldrafélag við skólann.

3.4 Nám og kennsla.

Í Njarðvíkurskóla eru 10 árgangar og í öllum árgöngum eru tveir bekkir nema í 3. bekk þar sem það er einn bekkur vegna fámennis í árgangi. Í Njarðvíkurskóla er lögð áhersla á sveigjanlega kennsluhætti og er það viðurkennt að nemendur þurfa mislangan tíma til að ná settum markmiðum. Nemendur í áttunda til tíunda bekk hafa sex tíma í valgreinum á viku og geta einnig sótt tilteknar valgreinar Fjölbrautaskóla Suðurnesja en auk þess geta nemendur fengið íþróttaiðkun, tónlistarnám og starf með björgunarsveit metið sem val. Í list- og verkgreinum er bekkjum skipt í tvo hópa.

3.5 Námsmat

Tilgangur námsmats er að afla upplýsinga sem eiga að hjálpa nemendum við námið. Nauðsynlegt er að námsmat hafi hagnýtan tilgang sem kennarar og nemendur þurfa að vera meðvitaðir um því að allar kennslufræðilegar ákvarðanir um námsframvindu nemenda eru byggðar á mati. Námsmat þarf að vera fjölbreytt svo hægt sé að koma til móts við alla nemendur og er námsmat undirstaða aðgreiningar í kennslu svo hugsa þarf um það sem leiðarvísi í gegnum allt nám. Megintilgangur námsmats er að leiðbeina nemendum um námið og aðstoða þá í því að ná markmiðum sínum. Námsmat á að veita nemendum og foreldrum þeirra upplýsingar um námsframvindu nemenda svo þeir geti skipulagt áframhaldandi nám sitt í samræmi við það. Námsmat fer ekki einungis fram í lok námstímans heldur er það einn af föstum þáttum skólastarfsins, órjúfanlegt frá námi og kennslu.

Fjölbreyttar námsmatsleiðir eru viðhafðar en með fjölbreyttu alhliða mati eru nemendur að yfirfara kunnáttu sína og ekki síður að beri ábyrgð á eigin námi sem er eitt af mikilvægum atriðum lykilhæfninnar. Með því að nemendur sjái tilgang með námi sínu verða þeir meðvitaðir um gildi þeirrar menntunar sem þeir verða aðnjótandi. Námsmat og endurgjöf er mjög stór þáttur í námi og sjálfsmynd nemenda og því verður að vanda vel framkvæmd þess. Símat er á vinnu nemenda allan veturinn en með símati metur kennarinn færni nemanda í námi og starfi á sem fjölbreytilegastan hátt. Helstu áherslu í símati eru:

- Verkefni, ritgerðir, vinnubrögð og frágangur
- Vinnusemi og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Skil á heimavinnu
- Kannanir og próf
- Mat á hópavinnu og samstarf/samvinna
- Sjálfsmat nemenda og jafningjamat.

Kennari heldur utan um skráninguna jafnóðum skráir námsmatið á Mentor og eru niðurstöður teknar saman í lok skólaárs til að finna lokavitnisburð.

Nemendum sem eru með greiningu um náms- og/eða hegðunarraskanir er boðið upp á ýmiss konar stuðning við próftöku svo sem eins og að taka próf í fámennari hóp, með lengri próftíma eða lestar- og/eða skriftarstuðning. Tekið er tillit til mismunandi þroska, getu og bakgrunns nemenda þegar metið er.

Skólaárið er ein önn og fá nemendur formlegan vitnisburð í lok skólaársins í júní. Nemendur og foreldrar/forráðamenn fá þó óformlegan vitnisburð á samtalsdegi í janúar þar sem farið er yfir það námsmat sem þá var lokið en miðað er við að í janúar sé um 50% af námsmati lokið. Á samtalsdegi í október var farið yfir markmiðssetningu nemenda fyrir skólaárið auk þess sem foreldrar og umsjónarkennari ræða um námslega og félagslega stöðu nemandans. Á

samtalsdegi í apríl var farið yfir mat á lykilhæfni þar sem umsjónarkennari auk annarra kennara sem koma að nemendum meta nemendur í eftirfarandi lykilhæfniflokkum: tjáning og miðlun, samvinna, skapandi og gagnrýnin hugsun, nýting miðla og upplýsinga, sjálfstæði, ábyrgð og mat á eigin námi.

Eftirlit með námsárangri er í höndum umsjónarkennara og deildarstjóra. Miklu máli skiptir að nemendur viti fyrir fram hvaða þættir verða metnir og til hvers skólinn ætlast af þeim. Sundurliðun námsmats kemur fram í hverri grein í bekkjarnámskrá hvers árgangs einnig kemur það fram á Mentor í verkefnabók hjá nemendum í 1.-7. bekk og námslotum hjá nemendum í 8.-10. bekk. Verkefnisstjóri hélt utan um innleiðingu á námsmati skv. Aðalnámskrá grunnskóla ásamt stjórnendum og sá um að kynna fyrir kennurum, nemendum og foreldrum skipulag námsmats. Nemendur í 8.-10. bekk fengu námsmat í bókstöfum.

Einkunnir nemenda í 1. – 10. bekk eru gefnar á vitnisburðarblöðum í lok skólaárs. Notaðar eru tölur (gefið í heilum og hálfum), orð og/eða umsagnir í 1.-7. bekk. Nemendur í 8.-10. bekk fá bókstafseinkunn út frá hæfniviðmiðum eins og sett eru fram í Aðalnámskrá grunnskóla. Leshraðaeinkunn er gefin í orð lesin á mínútu þar sem metin eru lestrarnákvæmni og leshraði. Nauðsynlegt er að hafa í huga að við lok grunnskóla þurfa nemendur að geta lesið a.m.k. 180 orð á mínútu til að geta komist yfir það námsefni sem ætlast er til af þeim á framhaldsskólastigi. Stuðst er við viðmið í lesfimi frá Menntamálastofnun sem voru tekin til notkunar á skólaárinu eftir vinnu við þróun og skimunar- og stöðuprófa frá árinu 2015.

3.6 Agamál

PBS

Í skólanum er unnið eftir agakerfinu PBS (Positive Behavior Support) eða *Heildstæður stuðningur við jákvæða hegðun*. PBS er aðferð til að skapa gott andrúmsloft í skólum og tryggja öryggi og velferð nemenda og starfsfólks. Lögð er áhersla á að koma í veg fyrir og draga úr óæskilegri hegðun nemenda með því að kenna og þjálfra félagsfærni, gefa jákvæðri hegðun gaum með markvissum hætti og samræma viðbrögð starfsfólks gagnvart nemendum sem sýna óæskilega hegðun. Verkáætlun er í höndum teymis sem fundar reglulega undir handleiðslu teymisstjóra.

Stöndum saman gegn einelti

Njarðvíkurskóli vinnur eftir Stöndum saman gegn einelti sem er unnið í anda PBS agakerfinu. Nemendum er kennt að bregðast við áreiti með ákveðnu merki (bæði líkamstjáningu og orðum), ganga frá og síðast segja frá (hættu-gakktu-segðu frá). Unnið er markvisst að því að kenna nemendum og þjálfra í aðstæðum, sem þolanda, geranda og áhorfenda. Í skólanum starfar teymi sem hefur það verkefni að vinna að málum um grun um einelti. Teymið vinnur eftir sérstökum verkferlum sem aðgengilegir eru á heimasíðu skólans. Teymið skoðar sérstaklega niðurstöður í svörum nemenda í Skólpúlsinum varðandi einelti.

3.7 Starfsfólk og starfsmannastjórnun

Við Njarðvíkurskóla starfa 75 starfsmenn þar af 27 kennarar, 2 sérkennarar, 6 leiðbeinendur, stundakennari í skák, 4 þroskaþjálfar, 18 stuðningsfulltrúar/félagsliðar, 4 gangaverðir/starfsmenn skóla, námsráðgjafi, skólaritari, umsjónarmaður, bókavörður, umsjónarmaður frístundaskóla og starfsmenn frístundaskóla, deildastjórar sérdeildanna Björk og Ösp auk skólastjórnenda. Lögð er áhersla á gott samstarf alls starfsfólks og að allir starfsmenn stundi símenntun. Gerð er símenntunaráætlun fyrir hvert skólaár sem er hluti af skólanámskrá. Skólastjóri vinnur símenntunaráætlun út frá stefnu skólans og óskum starfsmanna sem fram koma m.a. í starfsmannasamtölum.

3.8 Foreldrasamstarf

Njarðvíkurskóli leggur áherslu á að góð samvinna takist á milli heimila og skóla. Samstarfið þarf að byggjast á gagnkvæmri virðingu, trausti og samábyrgð. Mikilvægt er að foreldrar séu sáttnir við starf skólans og styðji það. Unnið er í nánun samstarfi við foreldrafélag skólans að því að efla samstarf milli heimila og skólans og er stöðugt verið að leita nýrra leiða til að styrkja samstarfið.

Við skólann starfar foreldrafélag og skólaráð. Foreldrafélagið stendur fyrir föstum viðburðum í skólastarfinu s.s jólaföndri. Bekkjarfulltrúar/foreldrahópar koma að samstarfi við kennara að skipulagi að bekkjarskemmtunum. Skólaráð fundar reglulega undir stjórn skólastjóra

3.9 Skólanámskrá

Skólanámskrá Njarðvíkurskóla er unnin af stjórnendum ásamt starfsfólki skólans og tekur til allra þátta skólastarfsins og þær verklagsreglur sem þar gilda. Skólanámskrá er nánari útfærsla á Aðalnámskrá grunnskóla um markmið, inntak náms og námsmat, starfshætti og mat á árangri og gæðum skólastarfs. Jafnframt gefur hún kost á að laga fyrir mæli Aðalnámskrár að sérstöðu hvers skóla og staðbundnum aðstæðum. Í skólanámskrá er birt stefna skólans og áætlun um skólastarfið næsta skólaár sem byggir á grunnskólalögum, Aðalnámskrá grunnskóla og stefnumörkun sveitarfélagsins.

Skólanámskrá Njarðvíkurskóla skiptist í fjóra hluta: Almennan hluta, starfsáætlun skóla, bekkjarnámskrár og starfsmannahandbók og er allir hlutar hennar fyrir utan starfsmannahandbókina birtir á heimasíðu skólans.

Starfsáætlun skólanámskrár er endurskoðuð árlega en almennur hluti hennar er endurskoðaður á þriggja ára fresti.

4. Viðmið við matið.

Í „Áætlun um sjálfsmat Njarðvíkurskóla“ kemur fram að viðmið við matið er stefna skólans ásamt skólastefnu Reykjanesbæjar. Eftirtalдар matsspurningar voru settar fram í sjálfsmatsáætlun Njarðvíkurskóla

1. Hefur skólinn skýra sýn og styrka stjórnun?
2. Eru kennsluaðferðir og mat á námi líkleg til að mæta ólíkum einstaklingum og bæta stöðugt framfarir?
3. Ríkir góður starfsandi innan skólans að mati starfsmanna og nemenda, þ.m.t. samskipti líðan og umhverfi?
4. Fá foreldrar stöðugar upplýsingar um stöðu nemenda og skólastarfið almennt og finna þeir sig velkomna í skólann?

5. Sjálfsmatsaðferðir

Sjálfsmat skóla felst í því að afla með skipulögðum hætti upplýsinga um ákveðna þætti skólastarfsins, gjarnan á grundvelli matsspuninga. Gæði starfsins eru síðan metin með því að bera niðurstöður saman við markmið eða viðmið. Á grundvelli matsins eru loks teknar ákvarðanir um breytingar til að bæta árangur, sett markmið og gerð framkvæmdaráætlun þar um.

Hér er lýst aðferðum Njarðvíkurskóla við mat á árangri skólastarfsins. Aðferðirnar eru greinandi og byggja á sjálfsmatsáætlun, skólanámskrá, könnunum sem hafa verið lagðar fyrir foreldra, starfsmenn og nemendur, niðurstöðum prófa og styrk- og veikleikagreiningum ásamt ýmsum athugunum, viðhorfskönnunum og tölfraðilegum upplýsingum um starfsemi skólans. Notuð er sú aðferð að innra mat, unnið á forsendum skólans, styðst við ytra mat yfirvalda og

utanaðkomandi aðila. Þetta tvíhliða mat ætti að auka trúverðugleika og stuðla að umbótum á því sem metið er.

5.1 Matstæki

5.1.1 Nemendakannanir

-Skólapúlsinn er vefkerfi sem miðar að því að veita skólastjórnendum stöðugan aðgang að nýjum upplýsingum sem aflað er mánaðarlega um þætti sem tengjast virkni nemenda og líðan þeirra í skólanum og um skóla- og bekkjaranda. Niðurstöður um stöðu nemenda í 6.-10. bekk eru bornar saman við niðurstöður fyrri mælinga í skólanum og við landsmeðaltal sem gefur skýrar vísbendingar um þróun mála í skólanum og stöðu nemenda í skólanum miðað við nemendur í öðrum skólum í landinu. Gerð spurningakvarða og forritun vefviðmóts hófst í byrjun árs 2008 og forprófanir fóru fram í apríl og maí það ár. Skólaárið 2008-2009 var fyrsta ár Skólapúlsins í notkun. Nú fá þátttökuskólar upplýsingar um stöðu nemenda sinna reglulega í línuritum. Grunnskólar víðs vegar á landinu eru skráðir í verkefnið en nemendur í 6.-10. bekk taka þátt. Nemendum í 6.-10. bekk er skipt í fjóra hópa sem taka könnunina á mismunandi tíma á skólaárinu, þ.e. í október, desember, febrúar og apríl. Svörun í Skólapúslinum í ár var 89,2% eða alls 173 nemendur af 194.

-Lesferill, lesskimun lögð fyrir nemendur í 1. bekk til snemmtækrar íhlutunar. Hliðarpróf skimunar markvisst lögð fyrir nemendur í 1.-3. bekk jafnt og þétt yfir skólaárið. Niðurstöður kynntar foreldrum og í framhaldi unnið með þá þætti sem koma ekki vel út hjá nemendum með einstaklingsverkefnum sem eru unnin í samvinnu við foreldra.

-Logos – skimun lögð fyrir af kennsluráðgjöfum FRÆ í 3. 6. og 9. bekk, niðurstöður kynntar stjórnendum, kennurum og bréf sent til foreldra. Niðurstöður eru nýttar til að skoða styrkleika og veikleika hvers nemanda bæði í leshraða og lesskilningi og til að sjá hvort nemandi þurfi frekari skoðun vegna lestrarörðugleika.

-Talnalykill – skimun lögð fyrir af kennsluráðgjöfum FRÆ í 3. og 6. bekk. Niðurstöður kynntar stjórnendum, kennurum og foreldrum. Niðurstöður nýttar til að skoða hversu vel nemendur eru staddir í grunnatriðum stærðfræðinnar miðað við markmið árgangs.

-Lestrarstefna Njarðvíkurskóla, markviss skráning á leshraða nemenda í 1.-10. bekk. Kennarar leggja fyrir nemendur lesfímipróf á ákveðnum tímasetningum og færa niðurstöður þeirra inn í Skólagátt Menntamálastofnunar sem eru aðgengileg stjórnendum. Einnig leggja kennarar fyrir lesskilningspróf samkvæmt lestrarstefnu skólans og eru niðurstöður þeirra skráðar í excelskjöl á innri vef skólans. Deildastjórar taka saman niðurstöður og skoða árangur hvers hóps sem og árangur milli prófa.

-Samræmd próf í 4., 7., 9. og 10. bekk frá Menntamálastofnun. Nemendur í 4. og 7. bekk þreyta prófin í september en nemendur í 9. og 10. bekk í mars. Í ár voru prófin í fyrsta sinn rafræn og gekk það fyrirkomulag mjög vel. Niðurstöður eru sendar heim með nemendum og

prófin eru greind af kennurum og í framhaldi gerð aðgerðaráætlun bæði fyrir hópinn sem og einstaklinga. Niðurstöður greiningar kynntar starfsmönnum skóla.

-Námsmat í lok skólaárs, kynnt nemendum og foreldrum.

5.1.2 Starfsmannakannanir

-Skólapúlsinn. rafræn könnun send á alla starfsmenn þar sem kannað er almennt um starfið og starfsumhverfi, mat og endurgjöf og endur- og símenntun. Starfsmannakönnun Skólapúlsins er lögð fyrir starfsmenn annað hvert skólaár. Svarhlutfall þetta skólaárið var 89,2% eða 66 starfsmenn af 74 sem svara.

-Starfsmannasamtöl í mars/apríl. Greining á helstu styrkleikum og umbótaverkefnum sem fram koma í samtölunum. Niðurstöður nýttar í gerð Endur- og símenntunaráætlunar skólans.

-Kaffihúsafundur. Matsfundur starfsfólks á starfsdögum í júní. Þar er farið yfir einstaka þætti skólastarfsins, starfsaðstöðu og líðan/samskipti starfsfólks.

-Þarfagreining PBS. Lögð fyrir starfsfólk að vori til að kanna stöðu verkefnisins í skólanum. Lögð fyrir af PBS teyminu. Niðurstöður kynntar að hausti næsta skólaár.

-Stjórnendaheimsókn í kennslu. Stjórnendur skiptu með sér að fylgjast með kennslu hjá kennurum og gefa endurmat á kennslu á gagnrýnin og uppbyggilegan hátt eftir áhorf.

-Endur- og símenntunaráætlun

- Skýrslur teyma sem stýra afmörkuðum verkefnum innan skólans

5.1.3 Foreldrakannanir

-Skólapúlsinn. Í fjórða sinn leggjum við nú fyrir foreldrakönnun Skólapúlsins þar sem kannað er nám og kennsla, velferð nemenda, aðstaða og þjónusta, foreldrasamstarf og heimaþjónusta. Könnunin var ekki lögð fyrir síðasta skólaár þar sem ákveðið var að leggja könnunina fyrir annað hvert skólaár. Búið er til foreldra úrtak úr lista sem skólinn sendir inn í kerfið í janúar og spurningarlistinn er sendur á eitt netfang hjá þeim foreldrum sem eiga lögheimili á sama stað. Fjöldi þátttakenda í Njarðvíkurskóla var 117. Fjöldi svarenda var 99 og svarhlutfall því 84,6%. Þættir sem eru kannaðir eru nám og kennsla, velferð nemenda, aðstaða og þjónusta, foreldrasamstarf og heimastuðningur.

-Námskynningarfundir, foreldraviðtöl, foreldrasamstarf. Talning á mætingu og samtekt á athugasemdum og ábendingum sem fram koma í viðtölum við nemendur og foreldra

-Foreldrakönnun í tengslum við foreldradag í janúar lögð fyrir foreldra nemenda í 3., 6. og 9. bekk. Í ár var fyrirkomulagi á fyrirlögn breytt þannig að foreldrar fengu sendan tengil heim til að svara. Það reyndist ekki eins vel og þegar foreldrar svöruðu á spjaldtölvur á sal eftir viðtalið þar sem svörun var ekki eins mikil og síðustu ár og ekki hægt að fylgjast eins með

hvað er verið að svara fyrir mörg börn þar sem báðir foreldrar fá tengilinn sendan. Alls voru svör fyrir nemendur í 3. bekk 26 en 27 nemendur eru í árgangnum. Í 6. bekk voru 34 svör en 42 nemendur eru í árgangnum og í 9. bekk voru 23 svör en 46 nemendur eru í árgangnum.

4. Mat á skólanámskrá. Skólaráð fer yfir og gefur umsögn áður en skólanámskrá er send á Fræðsluskrifstofu og Fræðsluráð Reykjanesbæjar auk þess sem hún er birt á heimasíðu skólans.


6. Niðurstöður

Hér verður greint frá niðurstöðum matsins. Farið er yfir hverja matsspurningu fyrir sig sem sett var fram í upphafi og metnir styrk- og veikleikar. Einnig eru þau viðmið sem sett eru í skólanum tilgreind þar sem við á.


6.1 Stefnumörkun og stjórnun

Fyrsta matsspurningin er hvort skólinn hefði skýra sýn og styrka stjórnun.


Á matsdegi í janúar 2017 svöruðu 80% foreldra því að þeir væru mjög eða frekar sammála um að vera ánægðir með stjórnun skólans sem er 7% lækkun frá fyrra ár en þeim sem eru hlutlausir fjölar úr 13% í 17%. Einnig voru rúm 86% foreldra mjög sammála eða frekar sammála því að skólastjórnendur séu áhugasamir um að bæta skólastarfið sem er einnig 7% lægra en á síðasta skólaári. Þá telja 84% foreldra að stefna og markmið sé kynnt með skýrum hætti en 5% foreldra eru því frekar ósammála.



Í foreldrakönnun Skólapúlsins er einnig spurt hvort foreldrar upplifi að stefna skólans og námskrár sé vel kynnt og þar erum við marktækt fyrir ofan landsmeðaltal eða 88,9% þegar landsmeðaltal er 72,2%. Í skólapúlsinum eru 93,8% foreldra ánægð með stjórnun skólans og þar er landsmeðaltal 90,5%. Í starfsmannakönnun Skólapúlsins er spurt um ánægju starfsmanna með stjórnun skólans og þar erum við aðeins fyrir ofan landsmeðaltal, bæði meðal kennara og annarra starfsmanna.



Þá kemur einnig fram í svörum kennara í Skólapulsinum að þeir eru mjög ánægðir með faglegan stuðning skólastjórnenda og mælist þar marktækt yfir landsmeðaltali, helst þá hjá kennurum á yngsta og miðstigi. Þær spurningar sem mældust yfir landsmeðaltali þar voru að stjórnendur ræða markmið námsins við kennara á fundum og að stjórnendur fylgist með kennslu í kennslustofunni. Þar kemur inn að síðustu 2 ár hafa stjórnendur farið í markvissar kennsluheimsóknir og átt samtal við kennara eftir heimsóknina. Mikil ánægja hefur verið með þessar heimsóknir og kom það einnig fram í starfsmannasamtölum að vori.




Samantekt á styrkleikum og veikleikum:

- Almenn ánægja með stjórnun skólans og vinnu skólastjórnenda samkvæmt niðurstöðu viðhorfsskannana frá foreldrum en lækkar þó lítillega milli ára. Fleiri foreldrar sem eru hlutlausir.
- Bæði kennarar og almennir starfsmenn ánægðir með stjórnun skólans. Kennarar upplifa einnig marktækt faglegan stuðning skólastjórnenda við kennara.
- Huga þarf að kynningu á stefnu og markmiði þar sem einhverjir foreldrar eru frekar ósammála því að þeir séu upplýstir um stefnu og markmið skólans.


6.2 Upplýsingastreymi

Niðurstöður foreldrakönnunar frá foreldradegi í janúar sýna að 92% foreldra eru mjög eða frekar sammála um að upplýsingastreymi frá skólanum sé gott sem eru svipaðar niðurstöður og í fyrra. 1% foreldra eru frekar ósammála því að upplýsingastreymi sé gott, aðrir svara hvorki né.




Í starfsmannakönnu Skólalúpsins eru bæði almennir starfsmenn sem og kennarar mjög ánægðir með upplýsingastreymi innan skólans og mælist það yfir landsmeðaltali á öllum stigum.

2.4. Upplýsingastreymi innan skólans – Fjöldi kennara eftir aldurstigum*



2.4. Upplýsingastreymi innan skólans – Kennarar og annað starfsfólk*



Samantekt á styrkleikum og veikleikum:

- Foreldrar eru mjög ánægðir með upplýsingastreymi sem þeir fá frá skólanum, þó fleiri hlutlausari en síðustu ár.
- Facebook síða sem var stofnuð á síðasta skólaári er alltaf að koma betur inn og fleiri upplýsingar varðandi skólastarf settar þar inn. Margir foreldrar eru tengdir þeirri síðu. Í viðhorfsskönnun foreldra í janúar kemur fram að foreldrar fylgjast betur með facebook síðu skólans heldur en heimasíðu skólans.
- Starfsmenn eru mjög ánægðir með upplýsingastreymi innan skólans og mælist skólinn hæst af þeim skólum sem taka þátt.
- Það sem hefur gefist við við að halda starfsmönnum vel upplýstum s.s. útgáfa á upplýsingarriti í skólabyrjun sem og vikulegum fréttabréfum haldið áfram.

6.3 Starfsandi og líðan starfsmanna


Í starfsmannasamtölum var spurt um líðan og kemur þar fram að starfsmönnum líður almennt mjög vel. Starfsmenn upplifa það að þeir eru að fást við það sem þeir kunna best og finna sig því vel í starfi.

2. Allir starfsmenn - Viðhorf til skólans

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
2.1. Starfsánægja í skólanum	5,3	65	5,2	1.630	0,1
2.2. Starfsandi innan skólans	6,2	65	5,2	1.619	1,0*

Starfsánægja er rétt yfir landsmeðaltali en starfsandi er marktækt vel yfir landsmeðaltali. Í starfsánægju eru annað starfsfólk ánægðara í starfi en kennarar skólans. Ein af áherslum skólaársins var að vinna með starfsánægju og starfsanda og var það gert með ýmsum fyrirlestrum og öðrum uppákomum. Starfsmannahópurinn vann sameiginlega að setja niður gildi starfsmannahópsins sem eru sýnileg á starfamannarýmum skólans. Einnig fór mjög stór hluti starfsmannahópsins í námsferð erlendis á skólaárinu og var sú ferð mikið og gott hópefli inn í skólastarfið.

Starfsandi er mjög góður og mælist hæst hjá okkur í Njarðvíkurskóla af þeim skólum sem taka þátt í Skólapúlsinum. Síðustu fjögur skipti sem starfsmenn hafa svarað Skólapúlsinum höfum við alltaf mælst marktækt yfir landsmeðaltali og höfum ekki áður mælst eins hátt og þetta skólaár.



Í upphafi skólaárs voru vinnumatssamtöl þar sem hver kennari fór yfir vinnumat skv. kjarasamningum. Almenn starfsmannasamtöl voru svo í mars/apríl þar sem stjórnendur hittu alla starfsmenn. Allir skólastjórnendur, þ.e. skólastjóri, aðstoðarskólastjóri og deildastjórar taka starfsmannaviðtöl. Allir starfsmenn svara spurningum fyrir viðtalið á rafrænu formi svo viðtalið verður markvissara. Í Skólapúlsinum svara 91,8% starfmanna jákvætt varðandi gagnsemi starfsmannasamtala og kemur fram að bæði á mið- og elsta stigi er 100% ánægja með starfsmannasamtölin en lægra hjá kennurm á yngsta stigi.

Samantekt á styrkleikum og veikleikum:

- Starfsmenn eru almennt mjög ánægðir í starfi og starfsandi mælist hæst af þeim skólum sem taka þátt í Skólapúlsinum en vinna að auknum starfsanda var eitt af áherslupunktum skólaársins.
- Gott er að nota bæði niðurstöður starfsmannasamtala sem og starfsmannakönnunar Skólapúlsins sem gerir niðurstöðurnar marktækari.
- Vinna að sameignlegum gildum starfsmannahópsins styrkir hópinn sem heild stuðlar að góðum samskiptum og starfsanda.

6.4 Nemendur – árangur og líðan

6.4.1 Niðurstöðum úr Skólapúlsinum 2016-2017


Fyrsta starfsár Skólapúlsins, 2008-2009 var forprófunarár vegna þess að takmarkaður aðgangur var að gögnum til að stilla af kvarðana í spurningalistanum. Sem viðmiðunarregla er munur uppá 0,5 stig ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur. Þegar niðurstöður úr hverri spurningu eru reiknaðar þá er það reiknað út í prósentum.

Þeir þættir sem spurt er um í nemendakönnun Skólapúlsins eru virkni nemenda í skólanum, líðan og heilsa og skóla- og bekkjarandi. Einnig er nemendum gefin kostur á því að koma með athugasemdir í opin svör, bæði um það sem þeir eru ánægðir með og það sem þeir vilja sjá öðruvísi í skólastarfinu.


1. Virkni nemenda í skólanum

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
1.1. Ánægja af lestri	4,7	171	4,9	15.011	-0,2
1.2. Þrautseigja í námi	5,2	172	5,1	14.760	0,1
1.3. Áhugi á stærðfræði	5,5	173	5,2	15.011	0,3*
1.4. Ánægja af náttúrufræði	5,4	173	5,0	14.973	0,4*
1.5. Trú á eigin vinnubrögð í námi	5,1	173	5,1	14.746	0,0
1.6. Trú á eigin námsgetu	4,9	173	5,0	14.936	-0,1

Áfram mælast nemendur í Njarðvíkurskóla mælast undir landsmeðalali í ánægju í lestri og eru drengir að mælast marktækt lægri en landsmeðaltal.




Þá eru einnig marktækur munur á nemendum í 10. bekk hvað þau eru lægri í Njarðvíkurskóla heldur en landsmeðaltal.




Áhugi nemenda á stærðfræði og náttúrufræði er marktækt hærri hjá nemendum Njarðvíkurskóla miðað við landið og mælast 6. og 7. bekkurinn marktækt yfir landsmeðaltali í stærðfræðinni en svo fer það lakkandi eftir því sem ofar drengur í árgöngunum.

1.3. Áhugi á stærðfræði – Árgangamunur*




1.4. Ánægja af náttúrufræði – Ársmeðaltöl



Í náttúrufræði hefur áhugi nemenda farið hækkandi jafnt og þétt síðustu ár. Þar eru það helst nemendur í 6. bekk og 9. bekk sem koma mjög vel út.

1.4. Ánægja af náttúrufræði – Árgangamunur*




2. Líðan og heilsa

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
2.1. Sjálfsálit	4,9	173	5,1	14.713	-0,2
2.2. Stjórn á eigin lífi	4,7	172	4,9	14.722	-0,2
2.3. Vellíðan	4,9	172	5,0	14.940	-0,1
2.4. Áhyggjur og stress - ástæður	-	56	-	-	-
2.5. Einelti	5,0	172	5,1	14.948	-0,1
2.6. Tíðni eineltis	8,1%	14/173	11,7%	1709/14923	-3,6%
2.7. Staðir eineltis	-	14	-	-	-
2.8. Tíðni hreyfingar - 2 í viku eða oftar	39,1%	66/169	41,6%	5837/14474	-2,5%
2.9. Hollt mataræði	4,4	173	4,8	14.695	-0,4*

Í spurningarþættinum um líðan og heilsu eru nemendur í Njarðvíkurskóla að koma aðeins lægra út í mælingum en landsmeðaltal í nær öllum þáttum en þó munar ekki miklu. Í tíðni eineltis erum við rétt undir landsmeðaltali en í fyrra voru þær mælingar marktækt yfir

landsmeðaltali sem er jákvætt. Alls eru þetta 14 nemendur eða 8,1% sem telja sig hafa orðið fyrir einelti á skólaárinu en það helst þó ekki í hendur við fjölda tilkynntra eineltismála sem þarf að skoða betur. Drengir eru marktækt undir landsmeðaltali á meðan fjöldi stúlkna sem upplifir einelti er svipað og landsmeðaltal. Ekki er marktækur munur á meðaltali nemenda í Njarðvíkurskóla og landsmeðaltali séu árgangarnir skoðaðir.



Eineltisteymi er starfandi við skólann og vinnur að þeim málum sem upp koma eftir skýrum verkferlum en verkferlarnir eru í stöðugri endurbætingu til að gera vinnu teymisins markvissari og skýrari. Í foreldrakönnun Skólapúlssins mælist umfang eineltis aðeins hærra en landsmeðaltal en ánægja foreldra með úrvinnslu skólans, hraða á vinnu og eineltisáætlun skólans mælist vel yfir landsmeðaltali.


2.6. Umfang eineltis í skólanum að mati foreldra	10,3%	10 _{/97}	8,9%	404 _{/4479}	1,4%
2.7. Ánægja foreldra með úrvinnslu skólans á eineltismálum	81,2%	13 _{/16}	60,7%	440 _{/736}	20,6%
2.8. Ánægja foreldra með hraða á úrvinnslu skólans á eineltismálum	80,0%	12 _{/15}	56,9%	399 _{/706}	23,1%
2.9. Ánægja foreldra með eineltisáætlun skólans	95,6%	65 _{/68}	79,4%	2213 _{/2745}	16,2%*

Í þriðja þætti Skólapúlssins er spurt um skóla- og bekkjaranda.

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
3.1. Samsömun við nemendahópinn	5,0	170	5,1	14.671	-0,1
3.2. Samband nemenda við kennara	5,3	171	5,1	14.914	0,2
3.3. Agi í tímum	5,3	171	5,1	14.916	0,2
3.4. Virk þátttaka nemenda í tímum	5,5	172	5,2	14.905	0,3*
3.5. Mikilvægi heimavinnu í náminu	5,2	170	4,8	13.860	0,4*

Nemendur í Njarðvíkurskóla eru marktækt hærri en landsmeðaltal í virkri þátttöku nemenda í tímum og er það breyting frá fyrra ári þegar okkar nemendur voru marktækt lægri en landsmeðaltal, eða um 0,4 stig. Ekki er munur á kynjunum en nemendur í 6. bekk mælast

mjög hátt eða með 6,5 stig þegar landsmeðaltal í 6. bekk er 5,3. Spurningar sem mynda matsþáttinn eru m.a. nemendur fá tækifæri til að útskýra hugmyndir sínar, í tímum fá nemendur tækifæri til að koma skoðunum sínum um ákveðin viðfangsefni á framfæri og nemendur ræða saman um námsefnið. Einnig mælist mikilvægi heimavinnu í námi marktækt hærra hjá nemendum í Njarðvíkurskóla og mælast stúlkur þar hærri en drengir. Sé munur á árgöngum skoðaður þá eru það nemendur í 6., 7. og 9. bekk sem eru marktækt fyrir ofan landsmeðaltal.



Í foreldrakönnun Skólapúlsins er einnig spurt um þann stuðning sem foreldra veita barninu sínu við nám. Þar kemur fram að marktækt eru foreldrar nemenda í Njarðvíkurskóla virkari í námi barna sinna eða 0,8 stigum fyrir ofan landsmeðaltal. Spurningar sem liggja undir í þessum matsþætti eru: ég hjálpa barninu við heimanámið, ég ræði við barnið um hvernig það stendur sig í náminu, ég nálgast námsgögn fyrir barnið, ég ræði við barnið um hvernig tengja má það sem það lærir í skólanum við daglegt líf og ég ræði við kennara barnsins.

Þar kemur einnig fram að sá tími sem foreldrar nemenda í Njarðvíkurskóla nota til að aðstoða við heimanám er marktækt meiri en landsmeðaltal eða um 12,9% en foreldrar meta þó að heimavinna sé hæfileg eða rétt yfir landsmeðaltali.

5. Heimastuðningur

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
5.1. Virkni foreldra í námi barna sinna	5,8	96	5,0	4.415	0,8*
5.2. Trú foreldra á eigin getu til að hjálpa barni sínu með námið	4,7	97	4,8	4.401	-0,1
5.3. Vilji nemenda til að leita eftir þátttöku foreldra í náminu	4,7	96	4,4	4.329	0,3
5.4. Hæfileg heimavinna að mati foreldra	72,2%	70 _{/97}	71,5%	3132 _{/4350}	0,7%
5.5. Tími sem foreldrar aðstoða við heimanám	68,4%	65 _{/95}	55,5%	2405 _{/4356}	12,9%*


Samantekt á styrkleikum og veikleikum:

- Áhugi nemenda á lestri er áhyggjuefni og á kaffihúsafundi starfsmanna í lok skólaárs voru ræddar hugmyndir til að vinna að varðandi áhuga á lestri. Lestrategymi skólans ætlar að vinna að þessum punktum á næsta skólaári.
- Ánægja er með áhuga nemenda bæði á stærðfræði og náttúrufræði.
- Meðaltal á tíðni eineltis lækkar frá fyrra ári sem er gott en samt eru fleiri að svara spurningunni um að verða fyrir einelti en tilkynnt eineltismál eru. Mikilvægt er að ná til þeirra nemenda sem upplifa sig verða fyrir einelti en mál þeirra eru ekki tilkynnt.
- Mikil ánægja er með eineltisáætlun skólans hjá foreldrum auk þess sem foreldrar upplifa að þau mál sem tilkynnt eru til eineltisteymis eru unnin hratt og vel.
- Nemendur upplifa mikilvægi heimavinnu mikið og foreldrar upplifa að þeir noti marktækt meiri tíma í að aðstoða sín börn við heimavinnu en aðrir foreldrar á landinu. Á skólaárinu var farið í endurskoðun á stefnu skólans í heimavinnu og sjáum við strax mun á bæði umfangi heimavinnu sem og tilgangi.

6.4.2 Samræmd próf

Í ár var mikil breyting á fyrirkomulagi á samræmdum könnunarprófum. Allir nemendur þreyttu prófin rafrænt auk þess sem ákveðið var að framvegis munu prófin detta út hjá 10. bekk en í staðin taka nemendur í 9. bekk prófin. Í ár tóku nemendur í 4. og 7. bekk prófin í september og nemendur í 9. og 10. bekk tóku prófin í mars. Nemendur í 4. og 7. bekk taka próf í íslensku og stærðfræði en hjá 9. og 10. bekk var einnig prófað í ensku. Menntamálastofnun vinnur úr prófunum og sendir skólanum niðurstöður fyrir hvern nemanda og yfirlit yfir stöðu skólans í samanburði við aðra skóla á landinu. Árlega rýna kennarar og stjórnendur skólans í þessar niðurstöður, sérstaklega er rýnt í framfarastuðul hvers og eins nemenda. Þá er normaldreifð einkunn sem er frá 0-60 með 30 sem landsmeðaltal skoðuð og hvernig hún kemur út milli ára. Viðmiðið sem Njarðvíkurskóli setur sér er að vera yfir 30 í normaldreifðri einkunn.

Eftirfarandi niðurstöður voru á samræmdu prófunum skólaárið 2016-2017:



Eins og hér má sjá eru nemendur í Njarðvíkurskóla yfir landsmeðaltali í 6 prófum af 10. Mjög góður árangur er hjá nemendum í 4. bekk í báðum fögum og einnig í stærðfræði í 7. bekk. Þá eru bæði nemendur í 9. og 10. bekk yfir í ensku en aðeins 9. bekkurinn yfir í íslensku. Í öðrum prófum eru nemendur rétt undir landsmeðaltali. Hér má sá nánar árangur nemenda síðustu ár.

4. bekkur-normaldreifð eink.	2011	2012	2013	2014	2015	2016
Íslenska	27,18	28,1	29,0	42,7	26,7	36,7
Stærðfræði	33,19	32,23	32,5	40,7	33,4	38,1

Nemendur í 4. bekk í ár hækka sig töluvert miðað við árganginn í fyrra og koma mjög vel úr úr báðum prófunum.

7. bekkur-normaldreifð eink.	2011	2012	2013	2014	2015	2016
Íslenska	25,28	30,63	25,88	33,2	27,3	27,7
Stærðfræði	26,68	34,35	35,42	33,0	31,7	37,0

Nemendur í 7. bekk halda svipuðu í íslenskunni en hækka sig töluvert í stærðfræðinni. Þessi árgangur nær besta árangri í stærðfræði miðað við síðustu 5 ár. Nemendur í 7. bekk fá einnig framfarastuðul en það er mæling á framförum miðað við árangur í prófunum hjá þeim í 4. bekk.

Flestir nemendur eru með framfarir svipað og almennt gerist og halda sínu striki en 9 nemendur eru með litlar eða framfarir minna en almennt gerist í íslensku.

FRAMFARIR	ÍSLENSKA	STÆRÐFRÆÐI
Litlar	4	0
Minna en almennt gerist	5	1
Svipað og almennt gerist	11	17
Meira en almennt gerist	5	6
Umtalsverðar	2	4
Tók ekki próf í 4. bekk	3	2
Alls nemendur í prófi	30	30

10. bekkur-normaldreifð eink.	2011	2012	2013	2014	2015	2017
Íslenska	26,3	30,03	31,8	30,2	28,3	26,9
Stærðfræði	26,8	31,71	31,6	29,4	26,3	28,0
Enska	26,6	30,72	31,2	31,1	29,8	30,2

Nemendur voru undir landsmeðaltali í íslensku og stærðfræði en rétt yfir í ensku. Nemendur í 9. bekk sem voru að þreyta prófin í fyrsta sinn í þessum árgangi eru yfir landmeðaltali í íslensku og ensku en rétt undir í stærðfræði. Nemendur fá einkunn í bókstöfum en þegar skoðaður er framfarastuðullinn kemur fram hvort þau eru að halda sínu striki frá prófunum í 7. bekk, bæta við sig eða lækka.

FRAMFARIR	9. bekkur		10. bekkur	
	íslenska	Stærðfræði	íslenska	Stærðfræði
Framfarir eru meiri en almennt gerist (4-5)	7	0	4	1
Framfarir eru svipaðar og almennt gerist (3)	22	26	26	24
Framfarir eru minni en almennt gerist (1-2)	6	9	5	9
Ekki skráðar framfarir	1	1	3	4
Samtals....	36	36	38	38

Samantekt á styrkleikum og veikleikum

- Viðmið okkar í Njarðvíkurskóla er að vera yfir 30 í samræmdri grunnskólaeinkunn og við náum því í 6 af 10 prófum.
- Fyrirlögn á prófum var með öðru sniði en hún var rafræn hjá öllum nemendum. Fyrirlögn tókst mjög vel og var áberandi hvað nemendur voru rólegir og yfirvegaðir.
- Mikilvægt er að skoða þá þætti sem eru að koma hvað slakast út í íslenskunni en það er lesskilningurinn.
- Í framfarstuðli þá eru flestir nemendur að halda sínu striki, bæði frá 4 og upp í 7. bekk og svo frá 7. bekk upp í bæði 9. og 10. bekk.
- Stjórnendur og kennarar skoða vel niðurstöður samræmdra prófa með tilliti til þess hvar við erum að gera vel og hvar er sóknarfæri. Niðurstöður eru kynntar öllum starfsmönnum skólans og skólaráði.

6.4.3 Lestrar- og stærðfræðiskimanir

Nemendur í 1.-3. bekk taka skimunarprófið Lesferil frá Menntamálastofnun og fá foreldrar og Fræðsluskrifstofa Reykjanesbæjar niðurstöðurnar. Þessi próf gefa vísbendingu um þá nemendur sem þurfa frekari stuðning í lestri svo þetta er snemmtæk íhlutun. Deildastjórar halda utan um skráningu og stuðning við þá nemendur sem koma ekki nógu vel út úr þessum skimunum.

Kennsluráðgjafar frá Fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar leggja Logos skimun fyrir alla nemendur í 3. 6. og 9. bekk í Reykjanesbæ með það að markmiði að sjá stöðu hvers nemanda. Þeim nemendum sem koma illa út í þessum skimunum er boðið að fara í nánari Logos greiningu eða fá einstaklingsáætlun fyrir leshraða eða lesskilning í skólanum sem er unnið í samráði við heimilin. Aðallega eru skoðaðar niðurstöður úr leshraða og lesskilning og eru viðmiðin þau að nemandi undir 15 er í hættumörkum og þarf nánari skoðun, markvissari kennslu og frekari námsúrræði. Nemandi sem er á milli 15-30 eru með vægari erfiðleika og ættu að ná færninni með frekari þjálfun í skóla sem og heima. Hér er hægt að skoða niðurstöður hjá 3., 6. og 9. bekk skólaárið 2016-2017 og skoða í samanburði við tvö síðustu ár:

Leshraði:

3. bekkur	Yfir 30	Milli 15 og 30	Undir 15	Samtals
2014-2015	58,6%	10,4%	31,0	100%
2015-2016	57,1%	14,3%	28,6%	100%
2016-2017	56%	16%	28%	100%

6. bekkur	Yfir 30	Milli 15 og 30	Undir 15	Samtals
2014-2015	25,8%	12,9%	61,3%	100%
2015-2016	43,8%	15,6%	40,6%	100%
2016-2017	50%	22,5%	27,5%	100%

9. bekkur	Yfir 30	Milli 15 og 30	Undir 15	Samtals
2014-2015	55,1%	28,6%	16,3%	100%
2015-2016	72,7%	11,4%	15,9%	100%
2016-2017	65,9%	6,8%	27,3%	100%



Lesskilningur:

3. bekkur	Yfir 30	Milli 15 og 30	Undir 15	Samtals
2014-2015	41,4%	20,7%	37,9%	100%
2015-2016	46,4%	35,7%	17,9%	100%
2016-2017	52%	20%	28%	100%

6. bekkur	Yfir 30	Milli 15 og 30	Undir 15	Samtals
2014-2015	54,8%	9,7%	35,5%	100%
2015-2016	56,3%	6,2%	37,5%	100%
2016-2017	57,5%	15%	27,5%	100%

9. bekkur	Yfir 30	Milli 15 og 30	Undir 15	Samtals
2014-2015	71,4%	18,4%	10,2%	100%
2015-2016	65,9%	9,1%	25%	100%
2016-2017	72,7%	9,1%	18,2%	100%

Kennsluráðgjafar Fræðsluskrifstofunnar skila niðurstöðum á fundum með umsjónarkennurum og stjórnendum og þar er farið yfir leiðir til að vinna með þeim nemendum sem ekki koma nógu vel úr skimunninni. Skimunnin er lögð fyrir að hausti og þeir sem koma lægst út í leshraða og lesskilningi fara í endurmat í mars. Hér eru niðurstöður endurmats fyrir 3. og 6. bekk, þ.e. hjá þeim nemendum sem koma lágt úr bæði í leshraða og lesskilningi.



Mikill munur er á niðurstöðum sem sýnir að með markvissu inngripi og samvinnu heimilis og skóla er vel hægt að bæta færni nemenda.

Kennsluráðgjafar Fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar leggja fyrir Talnalykil sem hóppróf til að kanna stærðfræðifærni nemenda í 3. og 6. bekk. Í Talnalykli eru skimað eftir færni í grunnþáttum sem nemendur á þessum aldri eiga að vera búin að ná tökum á. Mikilvægt er að nemendur nái yfir 70% í réttum svörum. Niðurstöður hjá 3. og 6. bekk skólaárið 2016-2017 voru eftirfarandi og hér er hægt að skoða þær niðurstöður í samanburði við síðustu tvö ár.

3. bekkur	Yfir 70%	Undir 70%
2014-2015	69%	31%
2015-2016	34,5%	65,5%
2016-2017	37,5%	62,5%


6. bekkur	Yfir 70%	Undir 70%
2014-2015	34,4%	65,6%
2015-2016	50%	50%
2016-2017	31,71%	68,29%

Samantekt á styrkleikum og veikleikum:

- Allir kennarar vinna eftir *Lestrarstefnu* skólans og nemendur taka hraðapróf og lesskilningspróf með reglulegu millibili. Niðurstöður prófa eru setta inn á exelskjöl eða á Skólagáttina eftir því sem við á. Þeir nemendur sem ná ekki lágmarkum fá einstaklingsáætlun sem þeir vinna heima og í skóla í samvinnu við foreldra/forráðamenn.
- Í endurmati í Logos hækka nemendur sig umtalsvert eftir íhlutun.
- Mjög góður stuðningur sem við fáum frá kennsluráðgjöfum Fræðsluskrifstofunnar með skimunum sem þessum, markvissum skilafundum og umræðu um úrræði fyrir nemendur.
- Í Logos skimun sem lögð er fyrir í 3., 6. og 9. bekk eru of margir nemendur sem eru í hópnum sem mælist fyrir neðan 15 og þarf að vinna betur með þann hóp. Farið er vel yfir þá nemendur sem eru í þessum hópi og óskað eftir nánari Logos greiningu fyrir þá sem ekki hafa farið í slíka greiningu. Oftast eru þetta þó nemendur sem eru með lestrarörðugleika eða dyslexiu.
- Niðurstöður Talnalykils koma ekki nógu vel út hjá nemendum, bæði í 3. og 6. bekk og er hópurinn sem nær ekki 70% markmiði alltof fjölmennur

6.4.4 Agamál og líðan nemenda

Á námsmatsdegi í janúar 2017 svara foreldrar spurningum um þeirra upplifun af PBS agakerfinu. Ágætlega gengur að vinna eftir PBS agakerfinu en þó kom fram á kaffihúsafundi starfsmanna að vori að það er komin tími á upprifjun og markvissa fræðslu. Það kemur einnig fram í svörum kennara í þarfagreiningu á PBS sem starfsmenn svara í maí. Starfsmenn telja að markviss vinna með PBS hafa mjög jákvæð áhrif á skólabrag og menningu skólans. Niðurstöður úr viðhorfskönnun á foreldradegi eru eftirfarandi:



- Mikill meirihluti foreldra er ánægður með PBS agakerfið, 81% foreldra hafa mjög góða eða góða upplifun af agakerfinu.


- 85% foreldra sem svöruðu telja að PBS agakerfið hafi jákvæð áhrif á hegðun barns síns sem er hækkun frá því í fyrra en þá töldu 76% foreldra að agakerfið hefði áhrif á hegðun barnsins síns.

- Frekar margir hafa ekki skoðun og svara hvorki né.

Líðan nemenda og einelti.

Innleiðing á forvarnarkerfinu Stöndum saman – gegn einelti, sem er unnið í anda PBS agakerfisins hófst skólaárið 2010-2011 og heldur áfram enda hefur það gefið góða raun. Nemendur fá kennslu á æskilegum viðbrögðum og þjálfun eftir því í hvaða hlutverki þau geta verið. Einnig voru verkferlar á vinnu við grun um einelti uppfærðir af eineltisteymi skólans.

Samkvæmt niðurstöðum í foreldrakönnun í janúar þá segja 95% að þau séu mjög eða frekar sammála því að barninu þeirra líði vel í skólanum sem er aðeins herra en í viðhorfskönnuninni á síðasta skólaári. Alls eru 90% foreldra mjög eða frekar sammála að samskipti milli nemenda eru góð og 75% foreldra eru mjög eða frekar sammála því að skólinn taki af festu á aga og eineltismálum sem er aðeins lækkun frá því í fyrra.



Í foreldrakönnun Skólapúlsins er einnig spurt um líðan nemenda að mati foreldra og mælist það rétt fyrir neðan landsmeðaltal þó ekki sé hægt að greina marktækan mun.

2.3. Líðan nemenda í skólanum að mati foreldra almennt	90,8%	89/98	92,3%	4177/4527	-1,5%
2.4. Líðan nemenda í kennslustundum að mati foreldra almennt	89,8%	88/98	91,6%	4139/4514	-1,8%
2.5. Líðan nemenda í frímínútum að mati foreldra almennt	89,8%	88/98	90,8%	4091/4505	-1,0%

Á kaffihúsafundin að vori kom fram að verkefni eins og Vinaliðaverkefnið sem er í frímínútum kemur vel út og stuðlar að meiri fjölbreytni í frímínútum auk þess sem nemendur leika meira saman úti og allir geta verið með í leik. Einnig er verkefnið góð áskorun fyrir þá nemendur sem eru valdir sem vinaliðar og styrkir þá í leik og starfi.

Samantekt á styrkleikum og veikleikum:

- Meirihluti foreldra segja að barninu þeirra líði vel í skólanum og kemur það fram bæði í viðhorfsskönnun sem lögð er fyrir eftir foreldradag sem og í foreldrakönnun Skólapúlsins.
- Vinaliðaverkefnið er að koma vel út og kemur það fram bæði á kaffihúsafundinum sem og í þarfagreiningu PBS hjá starfsmönnum.
- Foreldrar og starfsmenn eru almennt ánægðir með PBS agakerfið og áhrif þess skólabraginn en þó kemur fram í umræðum á kaffihúsfundi að það þarf að fara að vinna betur með kerfið og fara í endurmenntun á því.

6.5 Kennsluaðferðir og mat

Í Njarðvíkurskóla er lögð áhersla á fjölbreytta og einstaklingsmiðaða kennsluhætti. Samantekt úr kennsluáætlunum sýnir að kennsluaðferðir eru fjölbreyttar. En í starfsmannakönnun Skólapúlsins þar sem spurt er um kennsluaðferðir og námsmatsaðferðir kemur fram að tíðni á hópavinnu, einstaklingsvinnu og einstaklingsmiðuðu námi hjá nemendum er hærri hjá kennurum í Njarðvíkurskóla en landsmeðaltal. En áhersla kennara á námsmat með öðrum hætti en prófum er marktækt lægri hjá okkur en landsmeðaltal.

3.7. Hóþavinna í bekk	40,5%	15 _{/37}	28,6%	258 _{/901}	11,9%
3.8. Einstaklingsvinna í bekk	40,5%	15 _{/37}	30,6%	303 _{/958}	9,9%
3.9. Einstaklingsmiðað kennsla	59,5%	22 _{/37}	49,6%	484 _{/957}	9,9%
3.10. Áhersla kennara á námsmat með prófum	27,0%	10 _{/37}	18,0%	168 _{/955}	9,0%
3.11. Áhersla kennara á námsmat með öðru en prófum	56,8%	21 _{/37}	75,1%	731 _{/974}	-18,3%*

Í foreldrakönnun Skólapúlssins kemur fram að ánægja foreldra með nám og kennslu er marktækt yfir landsmeðaltali og einnig að foreldrar telja að nám nemenda við Njarðvíkurskóla er í takt við grunnstoðir aðalnámskrár.

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
1.1. Ánægja foreldra með nám og kennslu í skólanum	5,9	99	5,1	4.545	0,8*
1.2. Nám í takt við grunnstoðir aðalnámskrár að mati foreldra	5,3	98	5,1	4.478	0,2*

Þá kemur fram í viðhorfskönnun á foreldradegi að 94% foreldra telja að kennarar leggja metnað í að kennsla sé góð og 84% foreldra eru mjög sammála eða sammála því að börnum í skólanum eru sköpuð skilyrði til að ná árangri í námi og starfi.

Síðustu ár hefur námsmatsteymi verið virkt í skólanum og unnið að innleiðingu á breytingum á námsmati, s.s. hæfnimiðaðra námsmat og mat í bókstöfum á unglingastigi. Haldið verður áfram með vinnu við breytingu á námsmati í takt við Aðalnámskrá grunnskóla.

Þá var haldið áfram með kennslurýni skólustjórnenda þar sem stjórnendur fylgjast með kennslu hjá kennurum og í framhaldi var rætt um hvernig til tókst. Mikil ánægja er með kennslurýni og kom það fram í starfsmannaviðtölum að vori.

Samantekt á styrkleikum og veikleikum:

- Kennarar nota meira hóþavinnu, einstaklingsvinnu og einstaklingsmiðaða kennslu en landsmeðaltal.
- Mikil áhersla er á námsmat með prófum sem þyrfti að skoða nánar og er áætlað að fá námskeið/fyrirlestur um leiðsagnarmat á næsta skólaári en skólinn fékk styrk úr Endurmenntunarsjóði grunnskólanna fyrir þeirri fræðslu.
- Marktækur munur á ánægju foreldra með nám og kennslu miðað við landsmeðaltal
- Foreldrar telja að kennarar hafa mikinn metnað fyrir góðri kennslu
- Vel tókst til að innleiða hæfnimiðað bókstafamat á unglingastigi og ákveðið var að færa þá vinnu niður á mið- og yngsta stig á næsta skólaári.


6.6 Samskipti við foreldra.

Í foreldrakönnun í janúar 2017 eru 84% foreldra mjög eða frekar sammála því að skólinn taki tillit til athugasemda og óska foreldra og 96% foreldra treysta starfsfólki skólans mjög vel eða vel sem eru svipaðar niðurstöður og á síðasta ári. En 7% foreldra eru frekar ósammála eða mjög ósammála því að skólinn taki tillit til athugasemda eða óska foreldra. Í foreldrakönnu

Skólapúlsins er marktækur jákvæður munur á svörum foreldra í Njarðvíkurskóla miðað við landsmeðaltal um að foreldrar upplifi að þeir hafi áhrif á ákvarðanir sem tengjast þeirra börnum sem og að skólinn leiti eftir tillögum frá foreldrum og taki ábendingar þeirra til greina.

4.2. Áhrif foreldra á ákvarðanir varðandi nemendur	69,2%	63/91	56,7%	2443/4215	12,5%*
4.3. Leitað eftir tillögum frá foreldrum og ábendingar teknar til greina	72,2%	65/90	60,4%	2428/3969	11,8%*

Þá eru 96% foreldra eru mjög eða frekar sammála því að þeir séu velkomnir í skólann og 97% foreldra segjast fylgjast vel með námi barns síns.



Samtalsdagar eru þrisvar sinnum á skólaárinu og mæta foreldrar og nemendur vel í þessi viðtöl. Í foreldraviðtali í október er farið yfir líðan og hegðun og svara nemendur spurningarlista fyrir viðtalið sem kennarar taka saman. Deildastjórar taka saman heildarniðurstöður fyrir skólann og kynna þær niðurstöður á deildafundi. Í foreldraviðtali í janúar er farið yfir námsframvindu og markmið sett fyrir seinni hluta skólaársins. Í síðasta foreldraviðtalinu er farið yfir mat á lykilhæfni sem hefur þá farið fram jafnt og þétt yfir skólaárið. Í forelðrakönnun Skólapúlsins svara 100% foreldra að þeir séu ánægðir með síðasta foreldraviðtal sem er þá miðað við tímann sem könnunin er lögð fyrir viðtalið sem er í janúar.

4.6. Ánægja með síðasta foreldraviðtal	100,0%	96	94,0%	4149/4407	6,0%*
--	--------	----	-------	-----------	-------

Ágæt mæting foreldra var á skólakynningar að hausti þar sem foreldrum var boðið til morgunfundar þar sem helstu áherslur skólastarfsins voru kynntar.

Gott samstarf er milli skólans og stjórnar foreldrafélagsins og hafa fulltrúar foreldrafélags skólans unnið í samtarfi með fulltrúum foreldrafélaga annarra grunnskóla í Reykjanesbæ sem hefur gert starf foreldrafélaga grunnskóla bæjarfélagsins markvissara og fjölbreyttara. Fulltrúar foreldrafélags skólans sitja í skólaráði sem fundar undir stjórn skólustjóra 4-5 sinnum á hverju skólaári og hefur þar áhrif á ýmsa þætti tengda skólastarfi.

Samantekt á styrkleikum og veikleikum:

- Foreldrar upplifa að þeir hafi áhrif á ákvarðanir er varða þeirra barn
- Mikil ánægja er hjá foreldrum með samtalsdagana og vel var mætt á skólakynningar að hausti
- Gott samstarf er við stjórn foreldrafélagsins og í skólanum er virkt skólaráð. Samtarf foreldrafélaga í Reykjanesbæ er styrkur fyrir foreldrafélög skólanna.
- Foreldrar upplifa að þeir séu velkomnir í skólann.

7. Aðgerðaáætlun

Á grunni sjálfsmatsskýrslu þessarar verður unnin áætlun um aðgerðir og sjálfsmat til næstu þriggja skólaára eða til vors 2019.

7.1. Umbætur 2017-2018:

Í kjölfar þessa mats sem hér hefur farið fram verður á komandi starfsári unnið að eftirfarandi úrbótum.

- Haldið áfram að vinna eftir Lestrarstefnu skólans og kynna hana starfsfólki, nemendum, foreldrum og fræðslufirvöldum Reykjanesbæjar.
- Lestrarkannanir lagðar fyrir hvern árgang og unnið að því að nemendur bæti lestrarhraða sinn sem og skilning.
- Lestrategymi skólans vinnur að því að efla lestraráhuga nemenda í samræmi við punkta frá starfsmönnum af kaffihúsafundi að vori.
- Notast er við skimunarpróf frá Menntamálastofnun í Lesfimi, fylgst með framvindu og framförum í gegnum Skólagátt. Foreldrar upplýstir um niðurstöður og brugðist við hjá þeim nemendum sem koma slakir út og unnið með þá í skóla og í samstarfi við heimilin.
- Einstaklingsáætlanir eru unnar fyrir þá nemendur sem fylgja ekki árgangi með hæfniviðmið og þurfa sérhæfð matsviðmið. Áætlanir eru unnar að hausti og undirritaðar í fyrsta foreldraviðtali að hausti.
- Námsmatsteymi heldur áfram innleiðingu á námsmati í takt við Aðalnámskrá grunnskóla þar sem áhersla er á mat á hæfni nemenda. Auk þess er unnið með leiðsagnarmat til að styrkja kennara að tileinka sér hæfnimiðað námsmat, alveg frá 1.-10. bekk.
- Fylgjast með líðan og heilsu nemenda. Vinna stöðugt að forvörnum gegn einelti og virkja umræðu um leiðir gegn einelti meðal nemenda.
- Vinna að framgangi Vinaliðaverkefnisins sem hófst í apríl 2015 sem forvörn gegn einelti og stuðlar að bættri líðan nemenda í frímínútum.
- Fara í endurskoðun á skólareglum skólans með vinnu allra sem koma að skólastarfi Njarðvíkurskóla, starfsfólki, nemendum og foreldrum.
- Hafa einstaklingsviðtöl umsjónakennara í 7.-10. bekk fyrir alla nemendur, fyrir og eftir áramót.
- Vinna eftir niðurstöðum úr Logos skimun, bæði í skóla og heima í samstarfi við foreldra.

- Vinna eftir niðurstöðum úr Talnalykils skimun, bæði í skóla og heima í samstarfi við foreldra.
- Halda áfram vinnu að bættum árangri nemenda á samræmdum prófum, vinna aðgerðaráætlanir varðandi úrbætur og kynna fyrir kennurum á yngri stigum.
- Haldið áfram vinnu við agakerfið PBS í samvinnu við aðra PBS skóla í Reykjanesbæ. Fara í upprifjun á agakerfinu fyrir allt starfsfólk og nemendur.
- Vinna að framtíðarsýn skólans sem menntastofnun til næstu 5 ára sem byggir á fyrri framtíðarsýn sem og nýrri menntastefnu Reykjanesbæjar.
- Vinna enn betur að umhverfisfræðslu hjá nemendum og starfsmönnum til að viðhalda verkefninu Njarðvíkurskóli á grænni grein – Grænfáninn.
- Halda áfram skipulögðum heimsóknnum stjórnenda í kennslu, kennslurýni.
- Afhenda öllu starfsfólki upplýsingarbækling að hausti til að upplýsa starfsmenn um ýmsa þætti skólastarfsins.
- Vera stöðugt að finna leiðir til að viðhalda þeim góða starfsanda sem er hjá starfsfólki skólans.

Reykjanesbæ, júní 2017

Ásgerður Þorgeirsdóttir, skólastjóri
Guðný Karlsdóttir, aðstoðarskólastjóri